

Ástandssúttekt á Skógaheiði vegna skyndilokunar

Gönguslóða á Skógaheiði var lokað við Fosstorfufoss 23. febrúar síðastliðinn vegna slæms ástands og hættu á verulegum gróðurskemmdum. Var svæðið orðið að miklu drullusvaði með mikilli aurbleytu. Skapaðist þetta ástand í leysingum í kjölfar frostakafla, ásamt mikilli umferð gesta um svæðið.

Svæðið sem um ræðir er innan náttúruvættisins Skógafoss.

Landvörður fór um svæðið 4. mars. Ástandið hefur lítið sem ekkert breyst eftir að skyndilokun tók gildi, þó minni bleyta hafi verið á svæðinu þann daginn. Ljóst er að svæðið þarf mun meiri tíma til að jafna sig áður en hægt er að hleypa umferð óhindrað um það á ný, ef koma á í veg fyrir frekari skemmdir á gróðri.

Myndin hér að neðan var tekin af landverði 4. mars.



Daníel Freyr Jónsson

Umhverfisstofnun